

Stykkishólmi, 23. mars 2004

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum (þingmál 594).

Náttúrustofa Vesturlands (NSV) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. Undirritaður, f.h. NSV, fagnar framkomnu frumvarpi og tekur í flestum atriðum undir þær breytingar sem þar koma fram en vill koma á framfæri athugasemdum við eftirfarandi greinar:

3. gr.

Fram kemur að Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) skuli gera tillögur til umhverfisráðherra um vernd og hvort viðkomandi stofn þoli veiðar, sem svo er ítrekað í almennum athugasemdum um frumvarpið og skýringartexta við 2. grein. Þetta skilur undirritaður þannig að NÍ skuli svara því játandi eða neitandi hvort stofn þoli veiðar. Hins vegar kemur fram í athugasemdum við 3. grein frumvarpsins að NÍ meti veiðiþol. Það hvort stofn þolir veiðar og veiðiþol hans er tvennt ólíkt. Hvort stofn þolir veiðar má svara játandi eða neitandi, í flestum tilfellum játandi ef veiðum er rétt stýrt, en veiðiþol getur verið mun erfiðara að ákvarða og krefst töluverðra grunnupplýsinga um viðkomandi stofn. Þetta mætti skýra betur í lagatextanum og skýringunum.

6. gr.

Fram kemur m.a. að Umhverfisstofnun (UST) geti veitt tímabundna undanþágu til að nota bannaðar veiðiaðferðir ef villt dýr valda “umtalsverðum ama”. Að mati undirritaðs er pirringur fólks ekki nægileg ástæða þess að leyfa veiðiaðferðir sem undir öðrum kringumstæðum eru ekki taldar ásættanlegar út frá siðfræðilegum sjónarhóli. Því ætti að fella “eða umtalsverðum ama” út úr lagatextanum, sem liti þá svona út: “...eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.” Ef ekki verður fallist á þessar breytingar, væri æskilegt að bæta inn ákvæði um að UST gæti veitt undanþágu eftir að hafa leitað umsagnar, t.d. hjá NÍ.

7. gr.

Fram kemur m.a. að ekki sé nauðsynlegt að afla sér veiðikorts til minkaveiða. Að mati undirritaðs er þetta mikil afturför og alls ekki í samræmi við nútímaleg viðhorf gagnvart veiðidýrum. Sjálfsagt er að gera sömu kröfur til minkaveiðimanna og annarra veiðimanna og þótt kveðið sé á um að áfram gildi sömu leyfilegu veiðiaðferðirnar, þá er allsendis óvíst að veiðimenn án veiðikorts kynni sér þær. Veiðikortanámskeið má taka á einu kvöldi og er ákaflega fróðlegt þeim sem hyggjast stunda veiðar, sér í lagi hlutinn sem

fjallar um veiðisiðferði. Því má svo bæta við að mjög ólíklegt verður að telja að þetta ákvæði breyti nokkru um veiðialag á mink eða þeim árangri sem minkaveiðar skila vegna þess að eftir sem áður munu ráðnir veiðimenn veiða yfirgnæfandi meirihluta þeirra minka sem drepnir eru árlega. Ekki verður séð af frumvarpinu eða athugasemdum sem því fylgja að þessi breyting á lögunum feli í sér markmið.

9. gr.

Ósamræmi er milli lagatextans og athugasemda við einstakar greinar. Í athugasemdum við 9. gr. segir í síðustu málsgrein: “Einnig er lögð til sú breyting að reglugerðin sé **ekki** [leturbr. undirritaðs] sett í samráði við umhverfisráðherra enda fer hann með yfirstjórn málaflokksins í dag.” Væntanlega á “ekki” að hverfa úr þessari málsgrein.

10. gr.


Kaflinn um sértæka friðun er til mikilla bóta og mun vonandi eyða þeirri réttaróvissu sem ríkt hefur eftir dóm Hæstaréttar Íslands þann 3. apríl 2003.

Aðrar athugasemdir:

Í texta um almennar athugasemdir við frumvarpið (bls. 4), þar sem fjallað er um verkaskiptingu NÍ og UST segir: “*Þannig fæst heildarsýn yfir ástand veiðistofna og hvar skóinn kreppir, svo sem vegna skorts á þekkingu, sem yrði grundvöllur að forgangsröðun rannsókna og úthlutun úr veiðikortasjóði sem Umhverfisstofnun á að skila tillögum um til ráðherra lögum samkvæmt.*” Undirritaður vonast til að þessi verði raunin í framtíðinni, þ.e.a.s. að úthlutun úr sjóðnum verði byggð á tillögum UST til ráðherra en lúti ekki því fyrirkomulagi sem ríkt hefur undanfarin ár.

Að öðru leyti gerir undirritaður ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Róbert A. Stefánsson, forstöðumaður